

Tillaga að breytingu á lögum HRFÍ

19. gr. hljóði svo:

„Heimilt er að stofna ræktunardeildir innan HRFÍ í samræmi við reglur félagsins þar um og að fengnu samþykki félagsfundar, sbr. 21. gr. laga þessara.

Verksvið ræktunardeildar er eftirfarandi:

1. Að standa vörð um að ræktun viðkomandi hundakynja stefni að því ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.
2. Að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina er varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum. Ræktunarstjórnir skulu halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við ræktun.
3. Að miðla fræðslu um viðkomandi hundakyn og stöðu ræktunarmála hverju sinni. Stjórn setur deildum og ræktunarstjórnnum þeirra starfsreglur “

Gögn ræktunardeilda eru eign HRFÍ.

21. gr. hljóði svo:

„Stjórn HRFÍ skal setja reglur um stofnun og skipulag ræktunardeilda. Hafa skal að leiðarljósi að stofnstærð og gæði hunda af viðkomandi kynjum séu með þeim hætti að eðlileg og heilbrigð ræktun geti átt sér stað og að til staðar sé haldgóð þekking á viðkomandi hundakynjum, meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum, ræktun og undaneldi sem og störfum ræktunardeilda. Telji stjórn HRFÍ grundvöll vera fyrir ræktunardeild skv. ofangreindu, skal stjórn á vefsíðu félagsins kalla eftir sjónarmiðum um mögulega stofnun ræktunardeildar og skal að lágmarki veita tvær vikur til þess að skila inn athugasemdum. Að sama skapi skal liggja fyrir greinargerð vísindanefndar HRFÍ.

Telji stjórn HRFÍ, að teknu tilliti til greinargerðar vísindanefndar, andmæla félagsmanna og deilda félagsins, grundvöll vera fyrir ræktunardeild, skal tillaga þess efnis lögð fyrir félagsfund HRFÍ til samþykktar. Greinargerðir stjórnar og vísindanefndar ásamt framkomnum andmælum eða meðmælum sem bárust stjórn, skulu fylgja tillögu eða vera aðgengilegar fundarmönnum á heimasíðu félagsins.

Til þess að stofna ræktunardeild, þarf 2/3 hluta atkvæða á félagsfundi.“

b-liður, 1. mgr. 23. gr. hljóði svo:

„Ræktunardeild sinnir ekki lögboðinni starfsemi vegna líttillar virkni og fárra meðlima að mati stjórnar HRFÍ. Skylt er stjórn HRFÍ að gera tillögu til félagsfundar um að leggja niður ræktunardeild hafi hún ekki í þrjú ár í röð haldið ársfund né skilað stjórn HRFÍ gögnum skv. 22. gr. laga þessara“.

Greinargerð

Stjórn hefur undanfarin misseri unnið að endurskoðun reglna um stofnun og starf ræktunardeilda. Samhliða þeirri endurskoðun telur stjórn nauðsynlegt að leggja til nokkrar breytingar á lögum félagsins. Í fyrsta lagi er lagt til að áréttað sé í 19. gr. að ræktunardeild verði sett á stofn með samþykki félagsfundar samkvæmt 21. gr. Í öðru lagi er lagt til að áður en ræktunardeild er stofnuð skuli kallað eftir sjónarmiðum félagsmanna. Í þriðja lagi er fest í sessi það verklag sem viðgengst hefur að stjórn kalli eftir greinargerð vísindanefndar án þess hún bindi hendur stjórnar eða félagsfundar. Í fjórða lagi er lagt til að sama atkvæðavægi þurfi til stofnunar deildar eins og til að leggja niður ræktunardeild samkvæmt 23. gr. Í fimmta lagi er lögð til sú skylda á stjórn HRFÍ að gera tillögu til félagsfundar um að leggja niður ræktunardeild hafi hún ekki sinnt skyldum sínum um ársfund og gagnaskil þrjú ár í röð, enda má þá gera ráð fyrir að deildin sé óvirk. Það skal áréttað að það er ákvörðun félagsfundar hvort deildin skuli lögð niður og til þess þarf 2/3 hluta atkvæða á félagsfundi.